

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur:
25. janúar 2017

Gildistaka:
25. janúar 2017

RS: 9/2017
Kemur í stað RS: 1/2013

Efni: Aðgangur að gögnum sakamála sem er lokið.

1. gr.

Aðgangur sakborninga, brotþola o.fl. sem málið snertir

- Heimila má sakborningi og brotþola aðgang að rannsóknargögnum sakamáls sem er lokið nema sérstök sjónarmið til verndar sakborningi, vitnum eða öðrum aðilum mæli gegn því. Sama gildir um hvern þann sem sýnir fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta. Um lagaheimild vísast til 6. mgr. 15. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sbr. síðari breytingar.
- Máli er lokið samkvæmt 1. mgr. þegar rannsókn þess hefur verið hætt, það hefur verið fellt niður vegna sönnunarstöðu, fallið hefur verið frá saksókn í því, máli hefur verið lokið með lögreglustjórasátt eða endanlegur dómur gengið.
- Heimild til aðgangs að gögnum máls nær ekki til gagna eða hluta gagna sem geyma viðkvæmar persónuupplýsingar varðandi annan en þann sem óskar að kynna sér gögnin nema viðkomandi sýni fram á að hann hafi lögvarinna hagsmuna að gæta. Um takmarkanir á heimild til upplýsinga gilda að öðru leyti ákvæði 6. – 10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og 16. – 17. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Aðgangur annarra

- Lögreglu, ákærendum, dómurum og fangelsisýfirvöldum er heimill aðgangur að öllum gögnum máls til notkunar í störfum sínum.
- Heimila má tryggingafélögum og lögmönnum, sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta, aðgang að gögnum máls með takmörkunum samkvæmt 3. mgr. 1. gr. þessara reglna.
- Heimila má ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum aðgang að gögnum máls sem greinilega varðar hlutverk þeirra og eftirlitsskyldu lögum samkvæmt.

3. gr.

Afritun gagna

- Heimila má þeim, sem fær aðgang að gögnum máls samkvæmt þessum reglum, að ljósrita þau eða afrita að því marki sem nauðsynlegt telst til að gæta hagsmuna sinna með þeim takmörkunum sem leiðir af 3. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. þessara reglna.
- Afritun á hljóð- og mynddiskum af skýrslutökum er að jafnaði óheimil. Hið sama á við um aðrar myndupptökur eða önnur gögn á stafrænu formi sem geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Ef heimilaður er aðgangur að hljóð- og mynddiskum eða öðrum stafrænum gögnum sem geyma viðkvæmar persónuupplýsingar þá skal lögreglustjóri veita nauðsynlega aðstoð og aðstöðu fyrir afspilun.
- Um ljósrit og afrit af gögnum gilda að öðru leyti ákvæði 18. gr. upplýsingalaga eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Málsmeðferð

- Lögreglustjóri í því umdæmi þar sem rannsóknargögn eru geymd eða héraðs-saksóknari ákveður hvort orðið skuli við beiðni um aðgang að þeim gögnum.
- Beiðni um aðgang að gögnum skal að jafnaði vera skrifleg þar sem fram koma upplýsingar um hver óskar eftir gögnum, hvaða gögnum óskað er eftir og hvar og hvenær beiðni er sett fram. Ef óskað er eftir gögnum munnlega þá skal leitast við að fá beiðnina setta fram skriflega. Ef ekki reynist unnt að fá skriflega beiðni þá skal rita minnisblað um munnlega beiðni og skal það tilgreina sömu upplýsingar og áskilið er að komi fram í skriflegri beiðni um aðgang að gögnum. Að öðru leyti vísast til 27. gr. upplýsingalaga eftir því sem við getur átt.
- Gæta skal sérstaklega að almennri leiðbeiningarskyldu og málshraða stjórnvalda, sbr. 7. og 9. gr. stjórnsýslulaga.
- Ákvörðun lögreglustjóra eða héraðssaksóknara um að synja beiðni um aðgang að gögnum máls eða takmarka hann að nokkru leyti skal tilkynnt aðila skriflega og rökstudd í samræmi við V. kafla stjórnsýslulaga. Kæra má synjun eða takmörkun lögreglustjóra eða héraðssaksóknara á því að veita aðgang að gögnum til ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun í málinu. Kæra skal borin fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Að öðru leyti vísast til 19. gr. stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt.

Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari